

Nd.

597. Tillaga

til þingsályktunar út af ránum erlendra fiskimanna í varplöndum og selverum við strendur landsins.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina:

1. að láta hafa nákvæmar gætur á framferði útlendra fiskimanna hjer við land og koma í veg fyrir, að þeir spilli eggverum og öðrum hlunnindum landsmanna.
2. að gera gangskör að því, að bætt verði tjón það, er skipverjar á færeysku fiskiskipunum »Heimdal« og »Sunbeam« ollu á varpeyjunni Vigur í Austur-Skaftafellssýslu á síðastliðnu sumri.

Greinargerð.

Sjaldan líða mörg ár milli þess, að skipverjar á útlendum fiskiskipum ræni og rupli í sel- og eggverum við strendur Austur-Skaftafellssýslu. Munu Færeyingar einkum eiga þátt í þessu.

Árið 1924 komu 3 skip að Hrollaugseyjum, og skutu skipverjar þar allan sel, er þeir komust í færi við, og sigldu síðan brott með veiðina. Sama vor lagði skip að Fjarðarskeijum við Papós. Gengu skipsmenn upp á skerinn og slógu alla þá kópa, er lágu uppi og þeir náðu til, og hófu síðan skothrið á þann sel, er þeir náðu eigi til að slá. Var vorkópaveiðin, sem þar er mikil, eydd fyrir bændum það árið. Hjeraðsbúar þóttust vita, að skip þessi hefðu verið frá Færeyjum, en þrátt fyrir eftirgrenslanir stjórnarvaldanna náðist ekki í sökudólgana.

Á eyjunni Vigur, sem liggur fram undan Bæ í Lóni, er mikið æðarvarp og selveiði. Á síðastliðnu vori var eyjan rænd að eggjum og selur og fugl skotinn. Að þessu unnu skipverjar á 2 færeyskum skipum í hvort skifti. Náðist merki og númer skipanna, og nú er það upplýst fyrir lögreglurjetti í Færeyjum og ját að, að skipsmenn á »Heimdal« hafi skotið sel og fugla í Vigur, og skipsmenn á »Sunbeam« viðurkenna, að þeir hafi farið um varplandið og tekið um 1000 æðaregg.

Enn sem komið er hafa ekki fengist neinar bætur fyrir spellvirkin.